

52

Ákvæði til bráðabirgða.

14. ágúst

Í kosningum þeim, sem fram fara næst eftir gildistöku þessara laga, skulu vera tveir kjördagar, þó ekki í þeim kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsþéttar.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkv. 82. gr., nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegis.

Gjört í Reykjavík, 14. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

53

FORSETA BRÉF

15. ágúst

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 79. löggjafarþing, hefur lokið störfum.

Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 15. ágúst 1959.

Gjört í Reykjavík, 15. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

54

FORSETA BRÉF

15. ágúst

um almennar kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt ákvæði um stundarsakir í stjórnarskipunarlögum nr. 51 frá 14. ágúst 1959, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944, skulu almennar kosningar til Alþingis fara fram, er nefnd stjórnarskipunarlög öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52 frá 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, er ákveðið, að í kosningum þessum skuli kjördagar vera tveir. 54
15. ágúst

Því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram sem hér segir:

Í kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaup-túns: sunnudaginn 25. október n. k.

Annars staðar: sunnudaginn 25. október og mánudaginn 26. október n. k.

Gjört i Reykjavík, 15. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

55

17. ágúst

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1959 skal koma saman föstudaginn 20. nóvember, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 3/1959, um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

Gjört i Reykjavík, 17. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

Stjórnartíðindi 1959, A. 6.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verð landbúnaðarafurða.

56

18. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að vegna sérstaks ágrein-
ings fulltrúa neytenda og framleiðenda hafi ekki tekizt að ákveða söluverð
landbúnaðarafurða á innlendum markaði á þann hátt, sem lög nr. 94/1947
um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á
landbúnaðarvörum o. fl., gera ráð fyrir. Landbúnaðarráðherra hefur enn

A 25